

## Ritdómur

*Danske reformationssalmer i kontekst,*  
ritstj. Bjarke Moe, Marita Akhøj Nielsen og Simon Skovgaard Boeck.  
Kaupmannahöfn: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab og  
Óðinsvéum: Syddansk Universitetsforlag, 2022, 373 bls.

Í upphafi vil ég taka fram að ritsmíð þessi er ekki eiginlegur ritdómur heldur miklu frekar kynning á efni sem er áhugavert fyrir alla sem hafa áhuga á sögu og menningu siðaskiptatímans þótt hér sé athyglinni beint að dönskum sálma- og messusöngsbókum. Bókin sem hér um ræðir hefur að geyma ellefu greinar eftir jafnmarga fræðimenn og er afrakstur umfangsmikils verkefnis sem nefndist *Musik og sprog i reformationstidens danske salmesang*. Það varð til í tengslum við afmælisár siðaskiptanna 2017 og hlaut myndarlega styrki úr Carlsberg-sjóðnum og Velux-sjóðnum. Þessum tímamótum var fagnað í Danmörku, annars vegar með stafrænni útgáfu á Biblíu Kristjáns III á dönsku ([salmer.dsl.dk/christian-3-bibel](http://salmer.dsl.dk/christian-3-bibel)) og hins vegar með viðamiklu sálmaverkefni sem fólst í því að gera níu sálma- og messubækur aðgengilegar á stafrænu formi. Afraksturinn er „digital portal med tre hjemmesider“ sem eru tengdar:

- Danske reformationssalmer: Melodier og tekster 1529–1573 ([salmer.dsl.dk](http://salmer.dsl.dk)),
- Salmemelodier: Danske reformationssalmer 1529–1573 ([melodier.dsl.dk](http://melodier.dsl.dk)) og
- Renæssanceordbog: Dansk sprog 1500–1700 ([ordnet.dk/ren/](http://ordnet.dk/ren/)).

Dönsk sálma- og kirkjusaga á erindi við íslenska lesendur af mörgum ástæðum. Margt er hliðstætt og margt höfum við þegið frá dönsku herra- og vinabjóðinni en það sem ber á milli er einnig áhugavert. Meðal annars er það staðreynd að íslenskir siðbreytingarmenn sýndu oft talsvert sjálfstæði og tóku upp sálma og þýddu þá beint eftir þýskum heimildum. Hér á landi hafa sumar af elstu heimildunum í íslenskri sálma- og messusöngshefð verið gerðar aðgengilegar á stafrænu formi ([baekur.is](http://baekur.is)) og er það þakkarvert. Dönsku heimasíðurnar sem hér um ræðir bjóða hins vegar óneitanlega upp á miklu meira og fjölbreyttara efni með skýringum og leitarmöguleikum sem er mikilvæg forsenda ýmiss konar rannsókna. Segja má að ritið *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár* sé að því leyti sambærilegt við þetta rit að þar eru dregnar saman rannsóknir á því hvaða áhrif siðbreytingin hafði hér á landi í mjög víðum skilningi og þar er einnig byggt á rannsóknarverkefni.<sup>1</sup> En þó er hér mjög ólíku saman að jafna.

<sup>1</sup> *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017.

Fremst í bókinni er formáli útgáfufélagsins (Det danske sprog- og litteraturselskab), síðan formáli ritstjóranna þriggja og loks inngangur þeirra. Í formálanum kemur fram að fræðimennirnir ellefu fjalla um sálma siðskiptatímans frá ýmsum sjónarhornum: tónlistarsögu, málsögu, bókmennta- og bóksögu, guðfræði og kirkjusögu. Sérstök áhersla hafi verið lögð á þær aðstæður á tímanum fyrir siðaskipti sem eru á ýmsan hátt forsendur eða bakgrunnur þessara sálma. Ekki fer á milli mála að greinarhöfundar eru framúrskarandi fræðimenn hver á sínu sviði en höfundar eru þó hvergi í bókinni kynntir formlega. Hins vegar kemur víða fram að um mikið og gott samstarf hafi verið að ræða; oft eru milli-vísanir milli greina og höfundar þakka hver öðrum fyrir yfirlestur og aðstoð. Fremst við hverja grein er útdráttur á ensku en auk þess er í inngangi fjallað um hverja grein fyrir sig. Sú umfjöllun er mjög skýr og gefur góða mynd af megininntaki greinanna og sýnir vel hvað þær eiga sameiginlegt og hvernig þær tengjast efniviðnum sem þær allar byggjast á.

Það á oftast við um greinasöfn að greinarnar höfða mismikið til lesenda. Í sumum tilfellum er nóg að vita um hvað greinin fjallar en aðrar greinar vekja áhuga á nákvæmum lestri. Það á einnig við um höfund þessa ritdóms/ritfregnar. Þær greinar sem höfðuð mest til mín er fyrsta greinin sem fjallar um „paratexta“ (á íslensku mætti ef til vill kalla þetta hliðar- eða aukatexta) og er eftir einn af ritstjórunum, Maritu Akhøj Nielsen, grein Árna Heimis Ingólfssonar um muninn á íslenskum og dönskum sálma- og messubókum og loks greinin eftir Píl Dahlerup um danska þýðingu á sálum eftir ítalska endurreisnarskaldið Petrarca. Ég mun engu að síður reyna að gera hér grein fyrir inntaki allra greina bókarinnar.

Fyrsta grein bókarinnar er eftir Maritu Akhøj Nielsen (f. 1951). Hún er guðfræðingur með próf í norrænni textafræði (d. *nordisk filologi*) og hefur bæði rannsakað, gefið út og ritstýrt verkum frá tímabilinu um og eftir siðaskipti. Grein hennar nefnist „Paratekst i reformatidens danske messe- og salmebøger“. Skilgreining franska fræðimannsins Gérards Genette (1930–2018) á fyrirbærinu „paratext“ hefur haft mikil áhrif innan hugvísinda, einkum bókmennta- og textafræði, handritafræði og bóksögu og leitt af sér ótal rannsóknir á fyrirbærinu. Að tengja kenningar hans við elstu sálma- og messubækur er frá mínum bæjardyrum séð nokkuð nýstárlegt og áhugavert. Hér eru hliðartextar í þeim níu dönsku sálma- og messubókum sem verkefnið byggist á teknir fyrir og greindir.

Það sem átt er við með „paratextum“ er meðal annars allir þeir textar sem eru umhverfis „aðaltextann“ í bók eða handriti. Það mætti kalla þetta fyrirbæri „umbúðir“, þ.e. það sem sviðsetur innihaldið og hefur mótandi áhrif á hvernig það virkar á lesandann. Hér er þó ekki eingöngu um texta að ræða heldur allt ytra útlit og form, t.d. umbrot og stærð bókar. Eins og höfundur bendir á er oktafobrotið yfirleitt notað fyrir sálma- og bænabækur, quarto-brotið fyrir handbækur presta og folio-brotið fyrir messusöngsbækur, sameiginlega söngbók kórsins.

Í greininni eru þessar „umbúðir“ flokkaðar út frá þeim skilaboðum sem þær senda viðtakendum, þ.e. það sem tjáð er með orðum (e. *verbal*) og það sem er utan við tungumálið (e. *non-linguistic*); svo og eftir því hvar í bókunum þessum

skilaboðum er komið fyrir, stundum á undan meginmáli eða aðaltexta bókarinnar, stundum inni í textunum og stundum í lokin, á eftir textanum. Þannig er sýnt fram á að „paratextinn“ er flókið og margslungið fyrirbæri. Með því að skilgreina þau skilaboð sem komið er á framfæri á þennan hátt kemur í ljós að paratextinn hefur verið mikilvægt verkfæri sem notað var til þess að koma játningaratriðum kirkjunnar til skila. Í sögulegu samhengi kemur í ljós hvernig paratextinn afhjúpar þá sem sendu skilaboðin: fyrst á tímum siðbreytingar eru það nafnlausir sendendur sem koma nýjum trúarsetningum til skila, en síðar, þegar þjóðkirkjan hefur verið stofnuð (frá 1536), eru það að hluta til einstaklingar sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta, að hluta til prestastéttin og síðar einnig veraldleg yfirvöld sem nota paratextann til að leggja línur varðandi rétta hegðun sem muni tryggja viðtakendum eilífa sáluhjálp. Paratextinn í heild kemur til skila guðfræðilegum og pólitískum boðskap um leið og hann skilgreinir notendahópinn sem bókin er ætluð. Hér á landi eða öllu heldur í íslenskum fræðum hafa farið fram rannsóknir á paratextum, einkum í handritum en einnig að einhverju leyti í prentuðum bókum, t.d. hefur Silvia Hufnagel (2017) skrifað um titilsíður bóka sem prentaðar voru á Hólum í Hjaltadal, reyndar svo seint sem á átjándu öld.<sup>2</sup>

Næstu þrjár greinar bókarinnar eru á sviði tónlistarsögu. Konrad Küster (f. 1959), sem er þýskur tónlistarfræðingur og prófessor í tónlistarfræðum við háskólann í Freiburg, skrifar grein sem nefnist „Die frühen lutherischen Missalien und das geistliche Lied“. Hér er fullyrt að það sé misskilningur að sálmar hafi verið sungnir af söfnuðinum eða að almennur safnaðarsöngur hafi tíðkast í elstu lúthersku guðþjónustunum. Þvert á móti hafi þessar guðsþjónustur í stórum dráttum fylgt sama munstri og messur á fimmtánda öld og haldið sömu messuliðum. Höfundur telur að fræðimenn hafi vanmetið eða horft framhjá því að fjölmörgum atriðum úr kaþólsku messugjörðinni var haldið. Í greininni eru teknar fyrir sex stórar messusöngsbækur sem prentaðar voru milli 1545 og 1589 (samdar af Spangenberg, Lossius, Keuchenthal og Ludecus á þýsku, af Jespersen á dönsku og Elerus á lágbýsku). Sumar þeirra komu út í mörgum útgáfum og lögðu grunninn að guðþjónustuformi langt fram á sautjándu öld. Höfundur telur athyglisvert hve mikill munur er á bókunum innbyrðis og það sýni að mótun lútherskrar stefnu hafi ekki verið eins ákveðin eða afgerandi og talið hefur verið. Þær sýni íhaldssemi sem tengist ekki eingöngu sálmasöng heldur fyrst og fremst mjög djúpstæða fastheldni við litúrgískar hefðir almennt. Loks reynist það sérstakt við dönsku messubækurnar að sálmar, sungnir af söfnuðinum, voru settir mjög snemma inn í messuformið. Var það ólíkt jafnvel elstu prentuðu gerðum Lúthers sjálfs og lúthersku hefðinni síðar í Þýskalandi. Niðurstaða höfundar er sú að það sé fyrst um 1700 með píetismanum að hægt sé að tala um „frjálsa“ notkun sálma í guðsþjónustum. Það veki svo spurningu hvers vegna þessi þróun hafi hingað til verið talin 200 árum eldri en hún í raun og veru var og hvers vegna hún hafi verið tengd við Lúther og eignuð honum.

<sup>2</sup> Silvia Hufnagel, „Tradition and Innovation: Design Development in Pétur Jónsson’s Title Pages Between 1773 and 1780“, *Mirrors of Virtue: Manuscript and Print in Late Pre-modern Iceland*, Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2017, bls. 167–194.

Þriðja greinin í bókinni er eftir Roman Hankeln (f. 1965), prófessor í tónlistarsögu við NTNU (Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet). Greinin er skrifuð á norsku og nefnist „Overgangen: fire liturgiske kilder i Danmark-Norge 1519–1573“. Þar er fjallað um þau umskipti í helgihaldi sem urðu við siðaskiptin í Noregi. Teknar eru fyrir fjórar prentaðar heimildir sem allar gegndu mikilvægu hlutverki í Noregi á sextánda öld en þó í mismunandi kirkjusögulegu samhengi. Tvær af bókunum eru úr kaþólskum sið, þ.e. *Missale* og *Breviarium Nidarosiense* (1519), fyrstu prentuðu bækurnar sem miðla kaþólsku helgihaldi miðalda í erkebiskupsdæminu í Niðarósi, og hins vegar eru tvær bækur sem báðar voru prentaðar eftir að siðbreytingin hafði verið innleidd í Noregi 1537, þ.e. Thomissøns *Den danske Psalmebog* (1569) og Jespersens *Graduale* (1573). Tvær síðarnefndu bækurnar gegndu mikilvægu lagalegu hlutverki fyrir hina nýju dansk-norsku þjóðkirkju (ríkistrú). Þar sem þessar bækur voru notaðar í ólíku samhengi hafa þær aldrei verið skoðaðar saman í fyrri rannsóknum og þess vegna hefur farið framhjá fræðimönnum hvað þær eiga margt sameiginlegt þegar kemur að almennum hlutverki og byggingu. Í greininni er sýnt fram á hvað er ólíkt með þessum heimildum og dregin fram í dagsljósið afgerandi guðfræðileg umskipti sem koma skýrt fram í messusöngnum og öðru efni sem atlað var til söngs. Meðal annars er notendahópurinn annar en hann var í kaþólskum sið: áður fyrr var mest áhersla lögð á hlutverk prestsins og annarra lærðra manna en nú er það söfnuðurinn og kórinn sem eiga leik.

Fjórdða greinin kemur okkur íslenskum lesendum mest við. Hún er eftir Árna Heimi Ingólfsson og hefur titilinn „The Reception of Hans Thomissøn’s Psalmebog and Niels Jespersen’s Graduale in Iceland“. Árni Heimir Ingólfsson (f. 1973) er tónlistarfræðingur og píanóleikari. Hann hefur fengist við rannsóknir á íslenskri tónlistarsögu um tveggja áratuga skeið og ritað fjórar bækur um efnið auk þess að gefa út geisladiska með tónlist liðinna alda. Greinin sem hér birtist er afrakstur rannsóknarverkefnis sem styrkt var af Rannsóknasjóði Rannís og nefndist „Liturgy in Flux: The Traditions and Context of Plainchant in Iceland, 1500–1700“. Fram kemur að messusöngur á Íslandi tók stöðugum breytingum á fyrstu áratugunum eftir siðbreytingu og var ósamræmið til nokkurra vandræða. Að lokum kom boð frá konungi um að á þessu skyldi ráðin bót. Bækur með samræmdu formi messusöngs komu fyrst með *Sálmabókinni* 1589 og *Graduale* eða *Grallaranum* 1594 sem Guðbrandur biskup Þorláksson (um 1541–1627) hafði umsjón með eins og kunnugt er. Þessar bækur lögðu grunninn að messusöng og helgihaldi á Íslandi næstu tvær aldirnar. Í greininni er fjallað um að hve miklu leyti Guðbrandur byggði verk sitt á þeim fyrirmyndum sem hann augljóslega hafði, þ.e. sálmabók Hans Thomissøns (1569) og *Graduale* Niels Jespersens (1573), og að hve miklu leyti hann vék frá þeim. Áhugavert er að sjá að í íslensku bókunum er mörgu sleppt og öðru bætt við. Ekki síst er athyglisvert að lög úr dönsku messusöngsbókinni sem ekki voru prentuð í íslenska *Grallaranum* voru skrifuð upp í handritum og varðveittust þar.

Fram kemur að prentun sálmabókarinnar 1589 var í mörgu ábótavant en *Grallarinn* heppnaðist betur enda var sú bók endurprentuð átján sinnum. Einnig kemur fram að í *Grallaranum* 1594 eru oft íslenskar þýðingar hafðar við „tónið“ (e. *plainchant*) þar sem textinn er á latínu í dönsku messusöngsbókinni. Það

bendir til þess að á Íslandi hafi þegar verið hefð fyrir því að tóna á íslensku. Árni Heimir telur óhætt að fullyrða að Guðbrandur hafi séð til þess að á öllum stórhátíðum ársins, jólum, páskum, hvítasunnu og þrenningarhátíð væri tónað á íslensku. Íslenska tónið var oftast stuðlað og með endarími; að þýða það á íslensku var því verkefni fyrir þá sem bjuggu yfir nokkurri skáldskapargáfu. Íslendingar lögðu meiri áherslu á tónið en gert var í Danmörku. Höfundur veltir fyrir sér hvort það megi rekja til stefnu Marteins Lúthers sem vildi að hefðbundnu tóni kirkjunnar yrði haldið eða hvort hér hafi verið um að ræða sterka hefð frá Niðarósserbiskupsdæmi.

Mesta breytingin verður með Grallaranum sem kom út í Skálholti 1691 á vegum Þórðar biskups Þorlákssonar (1637–1697). Þá er bókin gefin út í annars konar broti, henni fylgir viðbættir með fræðilegri umfjöllun um tónlist, og nýjum sálmum í íslenskum þýðingum er bætt við. Með þessari bók var komin messusöngsbók sem lagaði sig á sjálfstæðan hátt að þörfum íslensku kirkjunnar. En sálmarnir úr dönsku bókunum bárust áfram og varðveittust, ekki aðeins á prenti, heldur einnig í handritum. Árni Heimir sýnir fram á að viðtökur bókanna eiga sér tvo farvegi, þ.e. prentaðar bækur og handrit. Prentuðu bækurnar endurspeglu viðtökur og notkun í hinu opinbera helgihaldi kirkjunnar en handritin viðtökur innan fjölskyldna þar sem sálmarnir voru notaðir á heimilum í tengslum við heimilisguðrækni. Þótt ekki hafi hver einasti sálmur eða messusöngur verið tekinn upp úr dönsku prentuðu bókunum urðu sumir dönsku sálmarnir afar langlífir í íslenskum handritum. Þannig er að finna tuttugu lög úr sálmabók Thomissøns sem ekki voru prentuð í Grallaranum í handritunum Rask 98 og Lbs 1239 8vo. Tón úr *Graduale* Jespersens er í ÍB 171 8vo og Rask 98, sem einnig er kallað *Melodia*. Það er eitt merkasta tónlistarhandrit sem varðveist hefur á Íslandi og hefur Árni Heimir Ingólfsson á öðrum vettvangi fjallað ítarlega um það og gefið út geisladisk með lögnum sem þar eru nóteruð.<sup>3</sup> Í greininni er rakin saga nokkurra stakra sálma sem varðveittust í handritum fram á átjándu öld. Höfundur kemst að þeirri niðurstöðu að þeir sem skrifuðu og notuðu þessi handrit hafi verið vel menntaðir, haft aðgang að margvíslegum heimildum og haft áhuga á tvísöng. Einnig sé athyglisvert að flest löggin sem er að finna í þessum handritum séu ekki varðveitt annars staðar, sem bendi til þess að þau hafi ekki haft mikla útbreiðslu en gildi þeirra hafi legið í því að þau voru sérstök, jafnvel einstök.

Fimmta greinin er eftir Bjarke Moe, doktor í tónlistarfræðum, sjálfstætt starfandi fræðimann og einn af ritstjórum bókarinnar. Grein hans nefnist „Salmesang på skrift: Om forholdet mellem levende sang og musikalsk notation i reformationstidens danske salmer“. Höfundur bendir á þá augljósu staðreynd að heimildir um söng á dögum siðbreytingarinnar eru allar í rituðu formi þótt söngur hafi í eðli sínu verið óáþreifanlegt fyrirbæri fyrir kirkjugesti sem ekki kunnu að lesa. Hér er í fyrsta sinn gerð tilraun til þess að leggja mat á að hve miklu leyti elstu heimildir um danskan sálmisöng endurspeglu raunverulegan söng. Með því að taka til athugunar fjölda heimilda og skoða muninn á þeim er reynt að sýna fram á að breytileiki heimildanna kunni að endurspeglu ýmsar hliðar á safnaðarsöng. Sáлма- og messubækur mótmælenda eru hluti af ritmenningu en þeir sem

<sup>3</sup> Árni Heimir Ingólfsson, *Tónlist liðinna alda: Íslensk handrit 1100–1800*, Reykjavík: Crymogea, 2019.

skrifuðu nóturnar þekktu vel kirkjusöng af eigin raun og gátu valið um aðferðir við að skrifa nótur. Með nákvæmri greiningu á völdum heimildum um lög og lagboða er varpað fram þeirri spurningu hvort merkingar um hrynn í nótnaskrift sýni framhald þess sveigjanleika sem einkennir gregoríanskan kirkjusöng, einnig þegar um var að ræða lög með taktfastan hrynn, fremur en að þær beri að taka bókstaflega.

Sjötta greinin er eftir Dorthe Duncker, prófessor í dönsku við Kaupmannahafnarháskóla. Rannsóknarsvið hennar er dönsk tunga, málvísindi, málsaga og máltækni. Hún fjallar um „Salmerne i de ældste danske visehåndskrifter“ og tekur til athugunar sambandið milli trúarlegs og veraldlegs kveðskapar, þ.e. sálma annars vegar og vísna hins vegar sem hvort tveggja er varðveitt í handritum sem skrifuð voru um 1569, einmitt þegar fyrsta opinbera danska sálmabókin (Hans Thomissøns *Den danske Psalmebog*) var prentuð. Einnig er sambandið milli sálmaskálda og þeirra sem söfnuðu vísunum skoðað og hvaða áhrif þeir höfðu hver á annan, en oft reynist hér um sama fólkið að ræða. Fyrsta prentaða útgáfan með dönskum vísunum er *Hundredvisebogen* sem Anders Sørensen Vedel gaf út árið 1591 en um þúsund vísur og önnur kvæði eru varðveitt í níu handritum sem eru eldri en útgáfan. Þar eru ellefu sálmar varðveittir innan um veraldlegan kveðskap og virðist engin tilraun gerð til að halda þessu aðskildu. Einnig er áhugavert að oft voru sömu lögin sungin við sálma og vísur. Niðurstaðan er sú að það séu margir snertifletir milli trúarlegs og veraldlegs kveðskapar á þessum tíma.

Simon Skovgaard Boeck er norrænufræðingur sem ber ábyrgð á textum sem birtir eru á vefnum *Studér Middelalder*. Hann er sérfræðingur í austur-norrænni textafræði, handritum og sögulegri orðabókarfræði, bæði greinarhöfundur og einn af ritstjórum þessa rits. Simon er höfundur greinarinnar „‘Da lidde den Herre stor spot oc skam’: Thomissøns revision af Hr. Michaels digte“. Höfundur telur það óvenjulegt eða sérstakt við sálmabók Hans Thomissøns (1569) að þar eru margir kaþólskir sálmar teknir með í lútherskri sálmabók sem gefin var út með konunglegu leyfi eða samþykki.<sup>4</sup> Þar eru til dæmis fimm sálmar sem eru byggðir á tveimur löngum miðaldertextum eftir Herra Michael prest í Óðinsvéum sem voru prentaðir 1514–1515. Þessi endurvinnsla þýddi í raun að orðalagi sem var áberandi „kaþólskt“ var sleppt eða því breytt, t.d. var ákalli til Maríu breytt í ákall til Jesú. Höfundur rannsakar hér nákvæmlega í hverju breytingar Thomissøns voru fólgnar og heldur því fram, öfugt við það sem áður var talið, að endurskoðun hans hafi verið mjög umfangsmikil.

Þrjár næstu greinar fjalla um Davíðssálma og viðtökur þeirra. Er þar fyrst að nefna „Danske gendigtninger af Davidssalmer i middelalder og reformations-tid“. Höfundur hennar, Bodil Ejrnæs (f. 1947), er með doktorspróf í guðfræði og fyrrverandi lektor í ritskýringu við Kaupmannahafnarháskóla. Hún hefur gefið út margar bækur sem fjalla um lestur og túlkun Biblíunnar. Hér fjallar hún um viðtökusögu Sálmanna (Davíðssálma, Saltarans) allt frá því þeir urðu til og þar til þeir voru umortir á dönsku á tímum síðbreytingarinnar. Fyrst er skoðað

<sup>4</sup> Fjallað er um svipað efni hér: Guðrún Nordal, „Á mörkum tveggja tíma: Kaþólskt kvæðahandrit með hendi síðbótarmanns, Gísli biskups Jónssonar“, *Gripla* 16/2005, bls. 209–228.

hvernig sálmarnir líta út í sinni elstu mynd í hebresku ritningunni. Þá eru skoðaðir danskir textar þar sem vitnað er í sálmana, einkum tímatals- og bænabækur frá fimmtánda öld og upphafi sextánda aldar. Sálmarnir, eins og þeir eru í þessum bókum, eru bornir saman við sálmana eins og þeir birtast í elstu dönsku lúthersku sálmabókinni. Sýnt er fram á hvernig bæði formi og innihaldi þeirra er breytt til að aðlaga textana nýjum aðstæðum. Í sumum tilfellum eru endurortu sálmarnir mjög líkir frumtextum Gamla testamentisins en í öðrum tilfellum hafa róttækar breytingar verið gerðar. Það á t.d. við um endursköpun Lúthers á 46. Davíðssálmi sem er í dönsku sálmabókinni í danskri þýðingu sem „Vor Gud han er saa fast en borg“. Hér er nýja gerðin að sögn höfundar svo ólík frumtextanum að erfitt er að sjá sambandið milli sálmsins í sinni upphaflegu gerð og endurorta sálmsins.

Níunda greinin er eftir Pál Dahlerup (f. 1939), sem er með þekktari bókmenntafræðingum Dana, fyrrum prófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Hún er ekki síst þekkt fyrir feminísk, róttæk sjónarmið og fræðilegar nýjungar. Með þekktari ritum hennar er doktorsritgerðin, *Det moderne gennembruds kvinder*, sem kom út 1983. Einnig má nefna *Dekonstruktion: 90'ernes litteraturteori* (1991), sem fékk mikla útbreiðslu. Grein hennar í þessu riti nefnist „Renæssancepønitense“. Efnid kemur óneitanlega nokkuð á óvart en hér eru teknir fyrir sjö iðrunarsálmur eftir ítalska skáldið Petrarca (1304–1374) eða „Septem psalmi penitentiales“ sem, að sögn höfundar, hafa ekki hlotið mikla athygli fræðimanna hingað til. Í upphafi greinarinnar skilgreinir höfundur hugtakið „renæssance“ sem að hennar mati þýðir ekki aðeins endurreisn eða endurfæðing heldur einnig frelsi til að losa sig undan hinu trúarlega og iðka og stunda hið veraldlega, meðal annars í bókmenntum. Petrarca var á sinni tíð þekktastur fyrir trúarleg verk sín og sálmur hans eru að mati höfundar mjög áhugaverðir, bæði frá trúarlegu og bókmenntafræðilegu sjónarhorni, ekki síst samspilið milli þess sálms sem er miðlægastur, þ.e. fjórða sálmsins, og hinna sex. Annars vegar eru sálmur þar sem sjálfið játar syndir sínar og biður um miskunn Guðs; hins vegar sálmur þar sem sjálfið, fullt af sjálfsöryggi, þakkar Guði fyrir gjafir hans. Frá bókmenntalegu sjónarmiði er áhugavert hvernig Petrarca lýsir líðan sjálfsins út frá myndrænum lýsingum á landslagi. Hann lýsir myrku og hættulegu landslagi annars vegar og fögru landslagi eins og í sköpunarsögunni hins vegar en nákvæmur lestur leiðir greinarhöfund til þeirrar niðurstöðu að landslagið líkist „solitary otium“, þ.e. sælustað skáldsins í Vaucluse og bæði landslagið og mannlýsingar, með vísunum í Óvíð og fleiri, skírskoti til klassískrar menningar. Lýsing Petrarca á manninum sé í senn endursögn og umbreyting á sköpunarsögu Biblíunnar: maðurinn, skapaður í Guðs mynd, hefur fengið stórkostlegan líkama, tjáningarríkt andlit, margvíslega hæfileika og eilífðarvon; það er manneskja endurreisnarinnar sem Petrarca þakkar Guði fyrir að hafa skapað. Þannig megi líta svo á að í fjórða sálmi geri Petrarca tilraun til þess að sameina kristin, klassísk og sín eigin persónulegu sjónarmið. Iðrunarsálmur Petrarca voru þýddir á dönsku af Anders Sørensen Vedel (1542–1616) og með þýðingunni urðu þeir hluti af dönskum endurreisnarbókmenntum. Vedel virðist ekki hafa tekið eftir klassísku tilvísununum en hins vegar hefur hann bætt við, svo að lítið ber á, ýmsum lútherskum einkennum. Um leið telur

höfundur sig geta fært rök fyrir því að honum hafi einnig tekist að koma til skila sinni eigin persónulegu reynslu.

Tíunda greinin er eftir Minnu Skafta Jensen (f. 1937), áður prófessor í forngrísku og latínu við háskólann í Óðinsvéum (Syddansk universitet). Rannsóknarsvið hennar eru meðal annars Hómerskviður og nýlatneskur kveðskapur á Norðurlöndum. Grein hennar nefnist „Salmeparafraser og national propaganda: To latinske digte af Hans Jørgensen Sadolin (1528–1600)“. Í greininni er fjallað um þá útbreiddu og vinsælu iðju í Evrópu á sextánda öld að enduryrkja Davíðssálma undir klassískum latneskum bragarháttum. Sálmunum í þessu nýja formi má skipta í tvennt: annars vegar í þá sem ætlað var að festa kristin trúaratriði í minni og hins vegar þá sem veittu latínuskáldum tækifæri til að túlka og tjá eigin hugsanir. Nefna má endurorta sálma eftir Helius Eobanus Hessus (1537) sem dæmi um hið fyrrnefnda en sálma eftir George Buchanan (1566) sem dæmi um hið síðarnefnda. Johannes Georgius Sadolinus var eitt helst latínuskáld Dana á sinni tíð. Árið 1569 gaf hann út metnaðarfullt verk sem nefnist *De Regibus Daniae Epigrammata & Insignia Regum Daniae*. Formið er „prosimetrum“, þ.e. bæði bundið og óbundið mál, með umfjöllun um táknið í skjaldarmerki Friðriks konungs II. Meðal annars er þar að finna fimm endurorta Davíðssálma sem falla undir síðarnefndu skilgreininguna. Í greininni er því haldið fram að Sadolin hafi tekist að yrkja glæsileg kvæði sem tengja sálma Gamla testamentisins við latneska kvæðagerð en einnig and-sænskan áróður sem var eldfimur og áriðandi boðskapur á tímum þegar þessar nágrannahjóðir áttu stöðugt í stríði hvor við aðra.

Ellefta greinin er eftir Axel Teich Geertinger sem er með doktorspróf í tónlistarfræðum, bókavörður og yfirmaður tónlistarútgáfudeildar Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn. Greinin nefnist „Reformationstidens salmelodier i den digitale verden: Editionsfilologiske og tekniske principper og udfordringer“. Þessi síðasta grein bókarinnar fjallar um mjög áhugaverð tæknileg atriði, einkum um það hvernig hægt sé að koma nótnaskrift frá sextánda öld til skila í stafrænu formi á trúverðugan hátt. Ein spurningin er hversu langt eigi að ganga í að færa nótnaskriftina til nútímahorfs, þ.e. þannig að notandi sem einungis þekkir nútíma nótnaskrift geti skilið nótnaskriftina eins og hún er í sálma-bókunum. Það snýst, að mati höfundar, ekki bara um markmið útgáfunnar og efnið sem um er að ræða heldur vekur það ýmsar tæknilegar spurningar. Í greininni er því lýst hvernig hægt er að vinna með nótnaskrift sem er að finna í stafrænu útgáfunum á dönsku sálma- og messubókunum og tilheyrandi tónlistargagnagrunni. Einnig er gerð grein fyrir þeim ákvörðunum sem teknar voru varðandi kóðun (kóðunarsnið og fleira) í tilraun til að skapa jafnvægi milli textafræðilegra sjónarsmiða, notkunarmöguleika og varðveislu gagna. Að lokum er fjallað um leit að laglínunum í gagnagrunninum og útskýrt hvaða eiginleikar það eru, innbyggðir í gagnagrunninn, sem gera notendum kleift að leita að ákveðnum lögum eða laglínunum. Aftast í bókinni er svo skrá yfir alla sálma sem þar er fjallað um og það gerir hana sérlega notendavæna.

Í ritinu sem hér hefur verið fjallað um er mikill fróðleikur um sálma- og menningarsögu Danmerkur sem er, eins og öllum má ljóst vera, nátengd sögu Íslands



á þessu sviði.<sup>5</sup> Tengsl milli kveðskapar og tónlistar, texta og nótnaskriftar, miðalda og siðbreytingar, hins veraldlega og trúarlega, eru þau vensl sem tekin eru fyrir í ýmsum myndum og frá ýmsum sjónarhornum. Ein af margþættum niðurstöðum bókarinnar er kannski einna helst sú að samfellan hafi verið meiri en hingað til hefur verið talið og að oftast megi greina málamiðlun milli þess gamla kaþólska og hins nýja lútherska. Hér á landi hefur oft verið bent á að kaþólski arfurinn hafi verið býsna lífseigir í ýmsum myndum.<sup>6</sup>

Greinarnar tengjast mismikið íslenskri menningarsögu en geta vakið til umhugsunar og gefið hugmynd um hvað væri vert að rannsaka nánar í íslenskum heimildum. Mjög áhugavert er það sem kemur fram í grein Árna Heimis Ingólfs-sonar, annars vegar að íslenskir siðbótarmenn lögðu sig frá upphafi fram um að taka sjálfstæða afstöðu til þess efnis sem notað var í kirkjunni og þýddu á íslensku og í bundið mál texta sem í Danmörku voru sungnir á latínu, hins vegar sú staðreynd að það sem rataði á prent segir oft aðeins hálfra söguna um varðveitt efni vegna þeirrar fjölbreyttu handritamenningar sem ríkti öldum saman hér á landi. Bókin *Danske reformationssalmer i kontekst* er afar vel unnin. Í henni birtast á skýran og aðgengilegan hátt áhugaverðar niðurstöður umfangsmikils rannsóknarverkefnis þar sem ekkert hefur verið til sparað í þeim skilningi að hér fer saman gott aðgengi að frumheimildum, mikil þekking, farsælt samstarf og sköpunargleði þeirra sem að bókinni standa. Hún er vel til þess fallin að gefa fræðimönnum í nágrannalöndunum góðar hugmyndir um smærri eða stærri rannsóknarefni, veita þeim innblástur og hvetja til dáða.

---

<sup>5</sup> Nýleg umfjöllun um þetta tímabil í íslenskri bókmenntasögu er hér: Margrét Eggertsdóttir, „Nýr tónn sleginn“, *Íslenskar bókmenntir: Saga og sambengi* 1, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021, bls. 261–280. Sjá einnig: Vilmborg Ísleifsdóttir, *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565: Byltingin að ofan*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.

<sup>6</sup> Sjá t.d.: Katelin Parsons, „Text and Context: Mariúkvæði in Lbs 399 4to“, *Mirrors of Virtue: Manuscript and Print in Late Pre-modern Iceland*, Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2017, bls. 57–86; Hjalti Hugason, „Allt hafði annan róm [...] Kvæði Bjarna Borgfirðingaskálds um hrörnun Íslands“, *Gripla* 30/2019, bls. 245–277.